



AGAFERILL OG VIÐBRÖGÐ

Í **Vidistaðaskóla** leggjum við áherslu á að kenna nemendum okkar góðar samskipta- og umgengnisreglur sem eru unnar út frá leiðarljósunum **ÁBYRGÐ, VIRÐING, VINÁTTA**. Ef nemandi á í erfiðleikum með að fylgja reglum skólans er litið svo á að nemandinn þurfi að æfa reglurnar betur. Viðbrögð við brotum á skólareglum eru ávallt metin út frá tíðni og alvarleika brots.

1.stig:

Brot sem snerta nemendann sjálfan

- * Fer ekki eftir fyrirmælum
- * Er með gos/sælgæti/tyggjó
- * Er í yfirhöfn eða útiskóm inni
- * Er með snjalltæki í óleyfi
- * Sýnir slæma umgengni
- * Hleypur á almennum svæðum

1. Leyst á staðnum af viðkomandi starfsmanni. Viðvörðun gefin/rætt við nemanda. Nemandi

2.stig:

Brot sem snerta aðra

- * Hrekkir/stríðir
- * Sýnir ókurteisi gagnvart starfsfólki og/eða nemendum
- * Myndatökur án leyfis
- * Endurtekin hlaup á göngum
- * Ljótt orðbragð
- * Stympingar

2. Ef um 2.stigs brot eða endurtekið 1.stigs brot er að ræða er skólafræðni skráður í dagbók í Mentor og birtur foreldrum. Umsjónarkennari ræðir atvikið við nemanda. Ef um þriðju skráningu er að ræða hefur kennari samband við foreldra. Samtal skráð í dagbók í Mentor.

3. Við fjórða skólafræðni eru foreldrar boðaðir til samráðs og frekari viðbrögð ákveðin. Ef við á er nemandi settur á skólakort, gerður við hann samningur um bættu hegðun, uppbótavinna ákveðin eða réttindamissir. Sjá blað um ferli skráninga. Málalok skráð í dagbók í Mentor.

3.stig:

Alvarleg brot

- * Slagsmál/líkamlegt eða andlegt ofbeldi
- * Skemmdarverk
- * Hótanir/ógnandi framkoma
- * Margítrekuð fyrri brot
- * Þjófnaður
- * Brunakerfi sett af stað
- * Rafrettur/tóbaks- eða vímuefnanotkun

1. Vísað til umsjónarkennara og skólastjórnenda

2. Samband haft við foreldra

3. Atvik skráð í Mentor

4. Viðbrögð ákveðin út frá atviki. Málalok skráð í dagbók í Mentor.

a. Uppbótavinna

b. Réttindamissir

c. Nemandi bætir tjón skv. samkomulagi

e. Tímabundin brottvísun, forráðamenn sækja nemanda í skólann

f. Tilkynning til barnaverndar

g. Máli vísað til Mennta- og lýðheilsusviðs til frekari vinnslu.